

42 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verk-  
12. febr. smiðjurnar með téðum lögum.

## 2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

## 3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

## 4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

43

## L Ö G

12. febr.

um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

a) Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:

Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.

b) Á eftir 1. málgr. sömu lagagr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelða á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.

c) Upphaf 3. málgr. sömu lagagr. orðist svo:

Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.

## 2. gr.

43

12. febr.

Upphaf 2. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:  
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.

## 3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Nemanda er óheimilt að vera félagi í sveinafélagi og er sveinafélögum bannað að hafa nemendur sem féлага sína.

## 4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.

## 5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Sömu hegningu skulu stjórnendur sveinafélaga sæta, þegar brotið er gegn ákvæðum 7. gr., og fer eins um sektarféð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

44

12. febr.

## um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Hermann Jónasson.*